

Ályktun 42. þings BSRB um mansal

Mansal hefur verið að aukast á Íslandi sem og annars staðar. Reynslan annars staðar í Evrópu sýnir að verslun með fólk sem notað er við landbúnaðarstörf, í byggingavinnu og heimilisstörf eins og til dæmis „au pair“ verður sífellt útbreiddari. Fólk er einnig notað til líffærasölu og nauðungarvinnu og börn er notuð til að betla og í kynferðislegum tilgangi. Til þess að stöðva þessa þróun er þörf á þekkingu og skilningi á nýjum tegundum skipulegrar refsiverðrar misnotkunar á fólki. Svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf stjórnvalda og frjálsra félagsamtaka er nauðsynlegt. Til þess að ná árangri eru markvissar, samþættar og samræmdar aðgerðir gegn mansali á alþjóðavettvangi nauðsynlegar. BSRB leggur áherslu á að leggja þessu málefni lið og reyna að koma í veg fyrir mansal með því að vera upplýst í þessu sambandi.